



# VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

4. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar haldinn mánudaginn 8. apríl 2024 kl. 15:30.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Daði Geir Samúelsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Ragnhildur Stefánía Eyþórsdóttir sem mætti í forföllum Ævars Norðfjörð.

Auk þeirra sátu fundinn Hannibal Kjartansson, Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

## DAGSKRÁ:

### 1. Fasteignir Hrunamannahrepps – framkvæmdir sumar 2024.

Guðmundur Hjaltason frá Eflu ehf mætti á fundinn undir þessum lið og kynnti úttekt á þeim framkvæmdum sem framundan eru í Flúðaskóla, íþróttahús og félagsheimilinu í sumar.

**Flúðaskóli:** nauðsynlegt er að endurnýja fráveitu á kennslugangi. Þeirri framkvæmd fylgir endurnýjun gólfefna. Einnig rætt um nauðsyn á endurnýjun á gluggum á suðurhlíð skólans. Nefndin felur starfsmönnum sveitarfélagsins að vinna að framkvæmdinni á kennsluganginum, endurnýjun glugga og klæðningar á suðurgafli skólahússins og endurnýjun gólfefna í Tungufellsdal í samvinnu við Guðmund enda eru framkvæmdirnar í fullu samræmi við gildandi fjárhagsáætlun.

**Íþróttahúsið:** Guðmundur kynnti áætlun um færslu líkamsræktar í íþróttahúsinu en rýmið þarf að vera tilbúið í byrjun september. Starfsmönnum sveitarfélagsins falið að sjá um framgang verksins í samræmi við umræður á fundinum.

**Félagsheimilið:** rætt um fyrstu tillögur að hönnun og kostnaðaráætlun fyrir breytingarnar sem lagðar eru fram af Eflu ehf. Tillögurnar verða unnar áfram með það fyrir augum að framkvæmdir hefjist næsta haust.

### 2. Ársreikningur Hitaveitu Flúða.

Ársreikningur Hitaveitu Flúða árið 2023 lagður fram. Niðurstaða ársins er að hagnaður frá rekstri er 10,2m.kr. Nefndarmenn fagna góðri niðurstöðu ársins og undirrita reikninginn.

### 3. Staða hitaveitunnar – umræða.

Veitustjóri fór yfir mikilvægi þess að vatn frá Kópsvatni nýtist Hitaveitunni sem allra fyrst.

### 4. Loðmundartangi – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Íbúðafélagið Bjarg hefur fengið úthlutað lóðinni Loðmundartanga 19-27. Nýting þeirra á lóðinni er mun minni en skipulag gerir ráð fyrir. Vegna þessa og að höfðu samráði við Bjarg íbúðafélag leggur nefndin til við sveitarstjórn að farið verði í óverulega breytingu á deiliskipulagi með það fyrir augum að ein einýlishúsalóð bætist við í enda götunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:37

Bjarney Vignisdóttir

Ragnhildur Stefánía Eyþórsdóttir  
Hannibal Kjartansson

Gunnþór Guðfinnsson  
Kolbrún Haraldsdóttir  
Daði Geir Samúelsson

Alðil Hafli 1